



Kennari: Ingunn Helgadóttir (IH) ingunn@fsu.is

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað um bókhaldshringrásina og helstu reglur tvíhliða bókhalds. Nemendur öðlast innsýn í notkun flestra reikninga sem telja má til grunnreikninga í fjárhagsbókhaldi. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að bóka almennar færslur í dagbók og aðalbók, hafi skilning á uppgjöri og getu til að setja fram efnahags- og rekstrarreikning. Fjallað er um grundvallarhugtökinn eignir, skuldir, gjöld og tekjur. Fjallað verður um tilgang bókhalds og helstu lög um bókhald og virðisaukaskatt.

Markmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu á:

- ✓ grundvallarhugtökum tvíhliða bókhalds
- ✓ bókhaldshringrásinni
- ✓ dagbók
- ✓ aðalbók
- ✓ rekstrarreikningi
- ✓ efnahagsreikningi
- ✓ viðskiptamannabók

Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- ✓ færa einfaldar dagbókarfærslur
- ✓ stilla upp prófjöfnuði
- ✓ gera upp virðisaukaskatt
- ✓ færa niðurstöður dagbókar í aðalbók
- ✓ færa í viðskiptamannabók
- ✓ gera upp viðskipti fyrir ákveðið tímabil

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ✓ geta hafið bókhald með fyrirbyggjandi efnahagsreikningi eða við stofnun fyrirtækis
- ✓ geta gert lagfæringar á bókhaldi með hliðsjón af einföldum dagbókarfærslum, svo sem varðandi afskriftir, birgðatalningu, ógreiddan og fyrirframgreiddan kostnað
- ✓ vera fær um að setja upp rekstrar- og efnahagsreikning í lok reikningstímabils að teknu tilliti til athugasemda og lokafærslna

Námsgögn

- ✓ Tvíhliða bókhald 1.34. Sigurjón Valdimarsson – fæst hjá kennara
- ✓ Verkefni frá kennara.
- ✓ Nauðsynlegt er að hafa **vasareikni, blýant og strokleður með í allar kennslustundir**. Einnig er gott að hafa glósubók.

Námsmat

Þrjú próf verða á önninni ásamt einu skilaverkefni. Ekkert lokapróf er í áfanganum.

Próf 1 - Dagbók 30%

Próf 2 - Aðalbók 30%

Próf 3 – Dagbók og Aðalbók 30%

Skilaverkefni 3%

Ástundun og vinnusemi 7%

Nemandi þarf að vera með 4,5 í lokaeinkunn til að standast áfangann og ná að lágmarki 5 úr tveimur prófum af þremur.

Vika		Vinnuskipulag	Próf
1. hluti			
Vika 34	19. - 25	Lesið bls. 9-14, verkefni bls. 28-29	
Vika 35	26. - 1. sept	Lesið bls. 31 - Verkefni bls. 32 - 35	
Vika 36	2. - 8. sept	Lesið bls. 39 - Verkefni bls. 40 - 41	Skilaverkefni 1
Vika 37	9. - 15. sept	Verkefni bls. 42 - 43	1 tími í vikunni
Vika 38	16. - 22.	Lesið bls. 46 - 49. Verkefni bls. 50 og 51	
Vika 39	23. - 29.	Verkefni bls. 52-53 og próf í seinni tímanum	Próf 1 úr Dagbók
2. hluti			
Vika 40	30. - 6. okt	Verkefni bls. 36-37 og 44-45	
Vika 41	7. - 13. okt	Verkefni bls. 44-45 og 54 og 55	
Vika 42	14. - 20. okt	Klára aðalbækurnar - upprifjun	1 tími í vikunni
Vika 43	21. - 27. okt	Próf í fyrri tímanum - verkefni bls. 57-59	Próf 2- Aðalbók, fob-Cif
3. hluti			
Vika 44	28. - 3. nov	Verkefni bls. 60-63	
Vika 45	4. - 10. nov	Lesið og vinna verkefni bls. 64-69	
Vika 46	11. - 17. nov	Verkefni bls. 70-73	
Vika 47	18. - 24. nov	Verkefni bls. 75-79	
4. hluti			
Vika 48	25. - 1. des	Verkefni bls. 80-84	Próf 3 bls. 64-84 úr Dagbók og Aðalbók
Vika 49	2. - 8. des	Verkefni bls. 86-91	
Vika 50	9. - 11. des		1 tími - skrap

Áætlun þessi er gerð með fyrirvara um breytingar!

Selfoss 15. september 2024